Sýningar

Ásmundarsafn
Sigtúni
Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina „Stillinn í list Ásmundar Sveinssonar". Sýningin er opin kl. 10–16 fram á haust.

Gallerí Art-Hún
Stangarhyl 7, Rvík
Þar stendur yfir sýning á verkum Erlu Axelsdóttur, Helgu Ármannsdóttur, Elínborgar Guðmundsdóttur, Sigrúnar Gunnarsdóttur og Margrétar Salome. Galleríið er opið alla virka daga kl. 12–18.

Gallerí Fold
Laugavegi 118d
Þar stendur yfir sýning á olíuverkum Dóslu – Hjördísar G. Bergsdóttur. Jafnframt er kynning á verkum Soffíu Sæmundsdóttur og Arnar Inga Gíslasonar. Sýningarnar standa til 25. júní og er Galleríið opið daglega kl. 10–18 nema sunnudaga kl. 14-18.

Gallerí Greip
Í dag kl. 18 opnar Þorri Hringsson sína 9. einkasýningu. Á sýningunni verða olíumálverk og teikningar frá árunum 1990, 1991 og 1995. Sýningin er opin daglega kl. 14–18 nema mánudaga og stendur til sunnudagsins 2. júlí.

Gallerí Guðmundar
Ánanaustum 15, sími 21425
Galleríið er opið virka daga kl. 10–18.

Gallerí List
Skipholti 50b
Galleríið er opið alla daga kl. 11–18 nema laugardaga kl. 11–14. Sýningar í gluggum á hverju kvöldi.

Gallerí Stöðlakot
Bókhlöðustíg 6
Soffía Sæmundsdóttir hefur opnað sýningu sem hún nefnir Álfahallir – englabyggð. Á sýningunni eru handþrykktar tréristur. Opið alla daga nema mánudaga kl. 14–18 til 20. júní.

Gallerí Sólon Íslandus
Myriam Bat-Yosef sýnir verk sín. Sýningin stendur til 25. júní.

Gallerí Sævars Karls
Bankastræti 9
Þóra Sigurðardóttir sýnir. Verkin á sýningunni er unnin með blýanti, bleki og krít á striga og eru öll frá síðasta ári. Sýningin er opin á verslunartíma frá kl. 10–18.

Gerðarsafn
Kópavogi
Grímur Marinó Steindórsson sýnir skúlptúra og veggmyndir. Sýningin stendur til 18. júní.

Hafnarborg
Sýningin Stefnumót trúar og listar „Andinn" er samsýning 31 listamanns. Sýningin stendur til 26. júní.

Kaffi Mílanó
Faxafeni 11
Kolfinna Ketilsdóttir sýnir postulínsmyndir, aðallega landslagsmyndir.

Kjarvalsstaðir
Á morgun kl. 16 verður sumarsýning Kjarvalsstaða, Íslensk myndlist, opnuð. Þetta er yfirlitssýning á íslenskri tuttugustu aldar myndlist úr eigu Listasafns Reykjavíkur. Sýningin verður opin daglega kl. 10–18 til 10. september. Kaffistofa Kjarvalsstaða opin á sama tíma.

Listasafn Einars Jónssonar
Njarðargötu, sími 13797
Safnið er opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn alla daga. Inngangur er frá Freyjugötu.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga
Sýning á völdum andlitsmyndum eftir Sigurjón Ólafsson, „Þessir kollóttu steinar". Verðlaunamyndband með sama heiti einnig til sýnis.

Listhúsið í Laugardal
Engjateigi 17, sími 680430
Þar stendur yfir myndlistarsýning á verkum eftir Sjøfn Har. Sýningin ber yfirskriftina „Íslensk náttúra, íslenskt landslag". Sýningin er opin virka daga kl. 13–18 og laugardaga kl. 11–16.

MÍR-salurinn
Vatnsstíg 10
Sýning á verkum eftir norsku myndlistarkonuna Björg Tveten Stjernstad verður opnuð í dag kl. 18. Á sýningunni eru um 50 myndir, stórar og smáar, allar unnar á síðustu mánuðum eða misserum. Sýningin stendur til 25. júní og er opin á virkum dögum kl. 16–19 en um helgar kl. 14–19.

Nesstofusafn
Nesströð, Seltjarnarnesi
Safnið opið á sunnudögum, þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum kl. 13–17.

Póst- og símaminjasafnið
Austurgötu 11, Hafnarf., sími 54321
Opið sunnud. og þriðjud. kl. 15–18.

Safn Ásgríms Jónssonar
Bergstaðastræti 74
Vormenn í íslenskri myndlist nefnist sýning á verkum eftir Ásgrím Jónsson og nokkra samtíðarmenn hans. Sýningin stendur til 31. ágúst og er opin alla daga nema mánudaga kl. 13.30–16.

SPRON
Álfabakka 14
Þar eru til sýnis verk Berglindar Ýrar Sigurðardóttur. Sýningin stendur til 29. september og er opin frá mánudegi til föstudags kl. 9.15–16.

Stofnun Árna Magnússonar
Árnagarði við Suðurgötu
Handritasýning opin kl. 14–16 alla daga nema sunnudaga fram til 1. september.

Við hamarinn
Strandgötu 50, Hafnarfirði
Myndlistarsýningu Þóru Þórisdóttur „Heilagur andi" lýkur sunnudaginn 18. júní. Á sýningunni eru innsetningar og málverk.

Önnur hæð
Laugavegi 37
Opnuð hefur verið sýning á verkum Jan Voss, Henriëtte van Egten, Andrea Tippel og Tomas Schmit. Til sýnis eru teikningar, munir og bækur gerðar af listamönnunum. Sýningin stendur til loka júní og er opin á miðvikudögum kl. 14–18.

Eden
Hveragerði
Jóhanna Hákonardóttir heldur myndlistarsýningu í Eden. Á sýningunni eru bæði olíumálverk og vatnslitamyndir málaðar á síðustu þremur árum. Sýningunni lýkur 18. júní. Eden er opið alla daga til kl. 23 á kvöldin.


Keramikgalleríið Lundur
Varmahlíð, Skagafirði
Sigríður Soffía ljósmyndari opnar sýningu á Polaroid Transfer ljósmyndum sunnudaginn 18. júní kl. 17. Opið alla daga kl. 9–18. Sýningin stendur til 16. júlí.

Minjasafnið
Aðalstræti 58, Akureyri
Í safninu stendur yfir sýning á verðlaunagripum úr minjagripasamkeppni Handverks – reynsluverkefnis og er þetta næstsíðasta sýningarhelgi. Opið daglega kl. 11–17.

Listadagar á Laugarvatni:

Komdu og skoðaðu í Gullkistuna

Gullkistan – listadagar á Laugarvatni er nafn á mikilli listahátíð sem hefst á morgun, 17. júní. Forsprakkar hátíðarinnar eru myndlistarmennirnir Alda Sigurðardóttir og Kristveig Halldórsdóttir. Helstan af atburðum listadaganna má nefna sýningu 104 listamanna á verkum sínum í Héraðsskólanum, Menntaskólanum, Húsmæðraskólanum, veitingahúsinu Lindinni og í umhverfi Laugarvatns.



Kristveig Halldórsdóttir með son sinn, Daníel, ásamt Öldu Sigurðardóttur en þær eru forsprakkar Gullkistunnar á Laugarvatni.
DV-mynd Kristján Einarsson

Setning listadaga

Kl. 13.30 á þjóðhátíðardaginn verður lagt af stað í skrúðgöngu frá Barnaskólanum og listadagarnir verða settir. Farið verður í leiki, kvenfélagið selur kaffi og listamenn flytja tónlist og fremja gjörninga.

Á sunnudag verða barnaleikrit sýnd í íþróttasal Héraðsskólans. Kl. 13 verður barnaleikriðið Komum, finnum fjársjóð sýnt og kl. 17. leikritið Góðan daginn, litla svín.

Síðari listadagar

Síðari listadaga fara fram sólstöðutónleikar með dúettnum Súkkati, farið verður í fjallgöngu á Gullkistu, haldin verður sérstök ljóðadagskrá, Strokkvartettinn heldur tónleika, leikritið Sápa 2; Sex við sama borð verður sýnt og einnig barnaleikritið Ástarsaga úr fjöllunum. Einnig verður svokallað Laxnessherbergi opið í Héraðsskólanum en Halldór Laxness sat oft við skriftir í skólanum. Listadagarnir standa til 2. júlí.

Sumarsýning Kjarvalsstaða:

Íslensk myndlist

– borgarlistamaður útnefndur

Sumarsýning Kjarvalsstaða, Íslensk myndlist, verður formlega opnuð á þjóðhátíðardaginn kl. 16. Er hún yfirlitssýning á íslenskri myndlist frá þessari öld og verður haldin í öllum salarkynnum Kjarvalsstaða. Að sögn starfsmanns Listasafnsins er sýningin gleðitíðindi fyrir íslenska ferðaþjónustu því hún er mjög áhugaverð fyrir ferðamenn. Á sýningunni verða olíumálverk, grafík, textílverk, leirlist og verk unnin með blandaðri tækni eftir mikinn fjölda íslenskra listamanna.

17. júní mun einnig borgarlistamaður verða útnefndur á Kjarvalsstöðum og honum veitt viðurkenning. Formaður menningarmálanefndar veitir verðlaunin.



Eitt verkanna á sýningunni.
DV-mynd SIS

Norræna húsið:

Island i dag

Island i dag verður á dagskrá Norræna hússins alla sunnudaga í sumar kl. 17.30. Er það fyrirlestur um íslenskt samfélag fluttur á einhverju Norðurlandamálinu. Næsta sunnudag mun Einar Karl Haraldsson halda fyrirlestur á sænsku.

Í sumar verður kynning á Norræna húsinu og norrænu samstarfi alla mánudaga kl. 17.30 og íslenskt kvikmyndakvöld verður kl. 19 á mánudögum. Opið hús verður alla fimmtudaga kl. 20.

Nú standa yfir tvær sýningar í Norræna húsinu, Norrænir brunnar, sem er umhverfislistasýning, og sýning er tengist ferð sænska listamannsins Alberts Engströms til Íslands 1911.

Björg Tveten Stjernstad

Verk eftir norsku myndlistarkonuna Björgu Tveten Stjernstad verða sýnd í MÍR-salnum næstu daga. Sýningin verður opnuð í kvöld kl. 18. Á sýningunni verða um 50 myndir, allar unnar á síðustu misserum. Björg sýndi verk sín fyrst opinberlega árið 1995 en síðan þá hefur hún haldið á þriðja tug einkasýningi, auk þess sem hún hefur átt verk á fjölda samsýninga. Sýningin verður opin til 25. júní, á virkum dögum kl. 16 til 19 en um helgar kl. 14 til 19.

Minjasafnið á Akureyri

Minjasafnið á Akureyri, Aðalstræti 58, er opið 17. júní frá kl. 11 til 17 sem aðra daga.

Í safninu stendur yfir sýning á verðlaunagripum úr minjagripasamkeppni Handverks og er þetta næstsíðasta sýningarhelgi. Sýningin hefur farið víða um land.

Aðgangeyrir er 250 kr. en ókeypis er fyrir börn að 16 ára aldri og eldri borgara.

Málverkasýning í Þrastarlundi

Agatha Kristjánsdóttir hefur opnað málverkasýningu í Þrastarlundi sem stendur til 25. júní. Agatha hefur aflað sér þekkingar með sjálfsnámi og sótt ýmis námskeið. Þetta er þrettánda einkasýning Agöthu. Allar myndirnar eru unnar með olíu á mesonit í Þrastarlundi í ár.

Einkasýning:

Þorri Hringsson

Þorri Hringsson opnar níundu einkasýningu sína í Gallerí Greip í dag kl. 18. Á sýningunni verða olíumálverk og teikningar. Þorri hefur haldið einkasýningar í Reykjavík og Amsterdam og tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýningin er opin frá kl 14. til 18 alla daga nema mánudaga og stendur til 2. júlí.

Ásmundarsafn:

Listaverkabók

Ásmundarsafn hefur gefið út vandaða listaverkabók um list Ásmundar Sveinssonar. Bókin er jafnframt sýningarskrá sýningarinnar Stíllinn í list Ásmundar Sveinssonar. Í þessari bók er ætlunin að gefa yfirlit yfir ólíkar myndgerðir í list Ásmundar og draga fram þau sérkenni sem einkenna list hans.

Nýr salur

Kjartan Guðjónsson grafíklistamaður sýnir á fyrstu sýningunni í nýjum sal Íslenska grafíkverkstæðisins, Tryggvagötu 15. Kjartan er einn af stofnendum félagsins Íslensk grafík. Sýnir hann eldri grafíklistaverk á sýningunni sem er hluti af 50 ára afmælishátíð Norræna myndlistarbandalagsins.

Sýningin stendur til 30. júní og er opin kl. 14 til 18 alla daga nema mánudaga.

Heilagur andi

Myndlistarsýningu Þóru Þórisdóttur lýkur á sunnudag. Á sýningunni eru innsetningar og málverk. Táknmyndir eru fengnar úr biblíunni.

Sýningin er í listhúsinu Við hamarinn, Strandgötu 50, Hafnarfirði.

Varmahlíð:

Ljósmyndir

Sigríður Soffía ljósmyndari opnar sýningu á Polaroid Transfer ljósmyndum í galleríinu Lundi, Varmahlíð, Skagafirði, á sunnudag kl. 17. Opið verður alla daga frá kl. 9 til 18. Sýningin stendur til 16. júlí.

Sýning í Eden

Jóhanna Hákonardóttir heldur myndlistarsýningu í Eden, Hveragerði, sem lýkur nú á sunnudag. Á sýningunni eru bæði olíumálverk og vatnslitamyndir frá þremur síðustu árum til sýnis.

Berglind Ýr

Myndlistarsýning er í útibúi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að Álfabakka 14. Þar eru sýnd verk Berglindar Ýrar Sigurðardóttur.